

16. JANÚAR
2025

HARPA
ELDBORG

Inferno

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Næturljód á hörpu 6'

Inferno 33'

Fragile Hope 10'

Francesca da Rimini 25'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Inferno

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 16. JANÚAR KL. 19:30

Jón Nordal, tónskáld, lést 4. desember síðastliðinn.
Til að heiðra minningu hans leikur Katie Buckley
verk hans *Næturljóð á hörpu* í upphafi tónleikanna.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Vivi Vassileva
einleikari

Daníel Bjarnason

Inferno, slagverkskonsert (2021, endursk. 2024)

I: The Bells

II: A Passage

III: Dark Shores

Hlé

Daníel Bjarnason

Fragile Hope (2023)

Pjotr Tsjaikovskij

Francesca da Rimini (1876)

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Daníel Bjarnason

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands í rúman áratug, bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann var staðarlistamaður á árunum 2015–2018 og aðalgestastjórnandi árin 2019–2021, en starfar nú með sveitinni sem „listamaður í samstarfi“ (Artist in Association). Tónsmíðar Daníels hafa vakið mikla athygli víða um heim og hafa margsinnis hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna, auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Fílharmoníusveitirnar í Los Angeles, New York og Helsinki, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Tókýó, Gautaborg, Melbourne, Berlín, Zürich, San Francisco, London, Vín og svo mætti áfram telja.

Hann hefur gefið út plötur hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, Da Capo, Sono Luminus og Deutsche Grammophon. Meðal helstu nýlegra verka Daníels eru óperan Brothers, fiðlukonsertinn Scordatura, píanókonsertinn FEAST og slagverkskonsertinn Inferno. Nýtt verk eftir Daníel verður frumflutt á Íslandi á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2025, en það er þrilekurinn I Want To Be Alive þar sem Daníel veltir fyrir sér mörkum mennsku og meðvitundar og hlutverki goðsagna í heimi gervigreindar. Fyrsti þáttur þrileiksins, Echo / Narcissus, var fluttur af Sinfóníuhljómsveit Íslands í september 2023. Daníel hefur stjórnað nokkrum hljóðritunum með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir Sono Luminus. Þannig hafa fjórar plötur útgáfunnar með íslenskri tónlist í flutningi hljómsveitarinnar vakið mikla athygli og var ein þeirra tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir besta hljómsveitarflutning. Daníel stjórnaði hljómsveitinni á hljóðriti sveitarinnar með verkum Jóhanns Jóhannssonar sem Deutsche Grammophon gaf út í september 2023.



Vivi Vassileva

EINLEIKARI

Hin búlgarska Vivi Vassileva er fædd í Þýskalandi árið 1994 og hóf tónlistarnám sitt á fiðlu hjá föður sínum en hún kemur úr sannkallaðri tónlistarfjölskyldu. Þegar hún heyrði þjóðlagahljómsveit spila á Karadere ströndinni við Svartahafið varð hún svo innblásin af hinum litríku og framandi Balkanrytmum að hún ákvað skipta yfir á slagverk. Balkantónlistin hafði djúpstæð áhrif á Vassileva og hefur mótað hana sem þann fjölhæfa tónlistarmann sem hún er og litar enn spilamennsku hennar þrátt fyrir að hún hafi farið í gegnum hefðbundið klassískt tónlistarnám. Hún hefur vakið athygli fyrir framsækið tónlistarval á tónleikum sínum og býður áheyrendum nýjar og spennandi leiðir til þess að kynnast hljóðfærunum sem hún leikur á með frumlegri listrænni nálgun.

Vassileva á í samstarfi við marga tónlistarmenn og kemur reglulega fram með Kian Soltani, Frank Dupree, Pablo Barragán og gítarleikaranum Lucas Campara Diniz auk þess sem slagverkshópurinn hennar „Extasi Ensemble“ kemur fram í virtum tónleikahúsum og hátíðum á borð við Berlínarfílharmóníuna, Elbphilharmonie í Hamburg, Schleswig-Holstein tónlistarhátíðina, Snape Maltings, Mars tónlistardaga í Ruse og Salzburgarhátíðina.

Vassileva hóf formlegt slagverksnám tíu ára gömul hjá Claudio Estay og í kjölfar þess að hún vann fyrstu verðlaun í Jugend Musiziert (Ungt tónlistarfólk) keppninni í Þýskalandi gekk hún til liðs við Þýsku ungmenna þjóðarhljómsveitina og var þá yngsti meðlimur hennar. Hún hefur hlotið margvísleg verðlaun síðan fyrir leik sinn. Hún hóf nám við Tónlistar- og leikhúsháskólann í München sextán ára gömul og stundar nú nám við Universität Mozarteum Salzburg hjá Martin Grubinger. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún nú þegar komið fram sem einleikari með ýmsum hljómsveitum í Evrópu.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Í kvöld er Íslandsfrumflutningur á Inferno.

Daníel Bjarnason

INFERNO

Slagverkskonsert Daníels Bjarnasonar (1979), Inferno, hefur vakið mikla athygli síðan hann var frumfluttur í nóvember 2022 af Martin Grubinger og Fílharmóníuhljómsveitinni í Helsinki undir stjórn Tomas Djupsjöbacka. Síðan þá hefur verið verið flutt af fjölmörgum sinfóníuhljómsveitum, þar á meðal Gewandhaus hljómsveitinni undir stjórn Andris Nelsons. Verkið var pantað af Sinfóníuhljómsveitinni í Gautaborg og samdi Daníel það fyrir Grubinger, sem er einn fremsti slagverksleikari heims, en hann kom jafnframt að mótun verksins. Samstarf þeirra hófst á því að Daníel heimsótti Grubinger á heimili hans í Austurríki þar sem slagverksleikarinn dró fram margvísleg hljóðfæri úr eigin safni. Þekking Grubinger á slagverkshljóðfærum hafði mikil áhrif á val hljóðfæra fyrir verkið og tenging hans við austurríska hefð leiddi meðal annars til notkunar á pákum úr geitaskinni frá Vín.

Í Inferno verður hljómsveitin sjálf að tilraunakenndum leikvelli. Allt sem getur framkallað hljóð—vínflöskur, viðar-bútar, jafnvel lyklahringur í leirskál—hefur sinn stað í slagverkshluta Inferno. Þetta skapar fjölbreyttan hljóðheim en tónskáldið velur að hafa einleikshlutann afmarkaðri og leggur áherslu á samstæða litapallettu af hlýjum, jarðbundnum hljómbælum. Hljóðfærin eru meðal annars viðar-marimba, txalaparta, japanskar taiko og pákur. Txalaparta er baskneskt slagverkshljóðfæri sem samanstendur af tveimur eða fleiri viðarplönkum sem eru slegnir með viðarprikum, og gefa frá sér djúpa, jarðbundna tóna.

Konsertinn skiptist í þrjá kafla, hver með sinn sérstaka blæ, og segir í tónum sögu um ferð til heljar í anda Gleðileiksins guðdómlega eftir Dante. Fyrsti kaflinn, „The Bells“ (Bjöllurnar), er langur og viðamikill, og byggður upp eins og heill konsert í hefðbundnu formi (hratt-hægt-hratt). Í honum stillir tónskáldið upp marimbu og txalaparta—tveimur hljóðfærum sem virðast renna saman í eina stóra viðareiningu sem einleikarinn lemur af miklum krafti—á móti augnablikum af rólegri íhugun. Í kyrrð miðhlutans hringja bjöllurnar (sem titill kaflans vísar í), líkt og hljómur úr fjarlægum kirkjuklukkum.

Annar kaflinn, „A Passage“ (Ferðalag), vekur upp hughrif umbreytinga. Tveir slagverksleikarar úr hljómsveitinni ganga fram á sviðið til að leika við hlið einleikarans, og skapa áhrifamikil leikræn augnablik. Nærvera þeirra minnir á Virgil að leiða Dante í gegnum helvíti eða ferjumann að flytja sálir frá veröld ljóss og lita yfir í heim myrkurs og skugga. Pákurnar eru í forgrunni og bera drunur þeirra áheyrendur yfir þröskuldinn og inn í myrkrið.

Í lokakaflanum, „Dark Shores“ (Dökkar strendur), yfirgefur einleikarinn laglínukennndan hlýleika marimbunnar fyrir hráa, ósveigjanlega tóna txalaparta og má segja að kaflinn sé knúinn áfram af rytmískri þráhyggju. Laglínur frá hljómsveitinni úr fyrsta kafla þróast yfir í himneskan kóralsöng í þessum lokahluta, sem eru í mikilli andstöðu við óstöðvandi slátt einleikarans. Bjöllurnar sem við heyrðum í fyrsta kafla eru leiknar saman og hljóma eins og eintóna gong. Þrátt fyrir þessa breytingu heldur einleikarinn áfram að leika af sífellt meiri þrótti þar til hann nær kraftmiklum lokatónum. Daníel sá þennan hluta fyrir sér sem helgiathöfn, æstan „dauðadans,“ þar sem einleikarinn týnir sér á meðan heimurinn í kringum hann hrynur.

Líkt og stór hluti tónlistar Daníels, skorast Inferno undan einfaldri túlkun. Titill verksins og kafla titlar, sem urðu ekki til fyrr en eftir að tónsmíðaðerlinu var lokið, bjóða upp á ákveðin hughrif en tónlistin getur framkallað ólíkar hugmyndir í hugum áheyrenda. Þegar Daníel var að leita að titli sagðist hann hafa þurft : „að upplifa verkið, taka það inn og vita virkilega hvað það er.“ Uppástunga Grubinger var „Helvíti“, sem Daníel velti í gamni fyrir sér hvort vísi í upplifun Grubingers á því að læra verkið. Hvort sem verkið vekur upp hugmyndir um vítiskvalir eða yfirskilvitlega listsköpun er Inferno öflugt og áhrifamikið fyrir bæði flytjendur og áheyrendur. Verkið endurskilgreinir hlutverk slagverks í nútíma hljómsveitarverkum og býður áheyrendum að upplifa sterkt hljóðrænt ferðalag sem sameinar krafta slagverks með lýrískri og tilfinningaþrunginni dýpt hljómsveitarinnar.

Daníel Bjarnason

FRAGILE HOPE

Fragile Hope var frumflutt af Sinfóníuhljómsveitinni í Gautaborg í febrúar 2024. Verkið var samið sem hluti af verkefninu „Nordic – A Fragile Hope“, þar sem fimm framúrskarandi norrænir tónsmiðir sömdu verk innblásin af norrænni náttúru. Daníel segir verkið sækja innblástur til Íslands, þar sem ótrúlegir kraftar búa í eldvirkni landsins sem og í hafinu í kring. Þessi tenging við náttúruöfl landsins endurspeglar þema verkefnisins, sem beindi athygli að viðkvæmu jafnvægi náttúrunnar og mikilvægi þess að vernda umhverfið.

Fragile Hope er einnig persónulegt verk fyrir Daníel, þar sem það er helgað minningu Jóhanns Jóhannssonar tónskálds sem lést árið 2018. Upphaf verksins má rekja til ársins 2018 þegar Daníel hóf að skissa upp tónsmíð til minningar um Jóhann. Þó að upprunalega hugmyndin hafi ekki orðið að veruleika á þeim tíma fann hún sér loks farveg í þessari nýju tónsmíð. Í gegnum allt verkið er Jóhann í huga Daníels og áhrif hans eru áþreifanleg í tónsmíðinni. Á einum stað má jafnvel heyra óbeina tilvísun í verk Jóhanns, Odi et Amo úr Englabörnum.

Daníel lýsir því að samband þeirra hafi einkennst af hlýju og gagnkvæmri virðingu, þrátt fyrir að þeir hafi ekki verið nánir vinir. Daníel dáðist að hæfileika Jóhanns til að ferðast á milli ólíkra tónlistarheima án þess að glata sinni eigin rödd. Aðdáun hans á verkum Jóhanns jókst með árunum og andlát hans hafði djúpstæð áhrif á Daníel. Daníel segir: „*Fragile Hope* er mín leið til að minnast Jóhanns – hugleiðing um feegurðina sem hann færði heiminum, jafnt í ljósi sem skugga“. Verkið sameinar þannig persónulega sorgarúrvinnslu Daníels við hið stærra samhengi umhverfisverndar og náttúrudýrkunar, sem einkennir „Nordic – A Fragile Hope“ verkefnið í heild sinni.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék Francesca da Rimini með Petri Sakari árið 1988 og aftur árið 1994 undir stjórn Lan Shui.

Pjotr Tsjaikovskij

FRANCESCA DA RIMINI

Sinfóníufantasían Francesca da Rimini, samin árið 1876, er tónlistarleg túlkun Tsjaikovskijs á harmþrunginni sögu samnefndrar persónu úr Inferno-hluta Gleðileiksins guðdómlega eftir Dante. Verkið, sem upphaflega var hugsað sem ópera, hefur notið mikilla vinsælda allt frá frumflutningi sínum og er nú rötgróinn hluti af hinum sinfóníska tónbókmenntaarfi.

Tsjaikovskij túlkar á áhrifaríkan máta hina harmrænu sögu Francescu, sem var neydd í hjónaband með miskunnarlausum stríðsherra en féll þess í stað fyrir bróður hans. Samband elskendanna uppgötvast og eru þeir drepnir af afbrýðisömum eiginmanninum. Refsing þeirra í öðrum hring vítis felst í því að þeytast um að eilífu, föst saman, í ofsafengnum stormi. Þessi sorgarsaga var sérstaklega vinsæl meðal rómantíkera á sínum tíma og má heyra sterk áhrif bæði frá Liszt og Wagner í verki Tsjaikovskijs. Tsjaikovskij samdi Francescu da Rimini þegar hann var á hátindi ferils síns, en þar blandaði hann saman dramatískri frásögn, fjölbreyttum litbrigðum sinfóníuhljómsveitarinnar og djúpri tilfinningalegri túlkun í einu af sínum eftirminnilegustu verkum.

Verkið skiptist í þrjá hluta, auk stutts inngangs, sem hefst á dimmum, þungbúnum tónum og lýsa Dante á villigötum. Áhrif Wagners eru greinileg í innganginum þar sem heyra má hljóma í óljósum tóntegundum. Fyrsti hluti verksins lýsir för Dante dýpra inn í víti, þar sem tónlistin verður æ dramatískari og ógnvænlegri. Í öðrum hlutanum eykst hraðinn í synkóperað Allegro þar sem Dante horfir á ofsafenginn hvirfilbyl sálna í öðrum hring vítis. Tsjaikovskij skapar hér óstöðvandi tilfinningu hringiðu og örvæntingar.

Í lokahlutanum róast tónlistin þegar Dante biður um að fá að tala við hina fordæmdu elskendur. Sá hluti hefst á átakanlegu klarínetsólói sem lýsir sjónarhorni Francescu. Hér sýnir Tsjaikovskij yfirburða hæfileika sína í að skapa tilfinningaþrungna laglínu sem fangar sorg og eftirsjá Francescu. Verkinu lýkur með öflugum hljómsveitartútti þar sem við drögumst, ásamt Dante, enn á ný í gegnum ógurlegan storm fordæmdu sálnanna.

Þorbjörg Daphne Hall

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Hulda Jónsdóttir
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Pétur Björnsson
Laura Liu
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Joanna Bauer
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Justyna Bidler
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólóf Þorvarðsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Hlín Erlendsdóttir

Vióla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Hjörtur Páll Eggertsson
Urh Mrak
Júlía Mogensen

Bassi

T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Steinunn Vala Pálsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Eugénie Ricard
Brjánn Ingason

Horn

Paul Pitzek
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Charlotte Rehm

Trompet

Einar Jónsson
Gunnar Kristinn Óskarsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Oren Marshall

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Liam Kaplan

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Marco Santos
Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrun Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tækniamaður

Á döfinni

24.01 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Sinfónían á Myrkum

Árlegir tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tónlistarhátíðinni Myrkum músikdögum hefjast á verki Ingibjargar Ýrar Skarphéðinsdóttur, Balaena, en það var frumflutt af Kammersveit Reykjavíkur á Myrkum músikdögum 2023 og vakti þar mikla athygli. Nú hljómar það í nýrri útgáfu fyrir fullskipaða sinfóníuhljómsveit.

Marcos Balter er eitt fremsta tónskáld Brasilíu um þessar mundir og sækir verk hans Orun frá 2022 innblástur í trúarlíf og hugleiðsluhefðir Yoruba-þjóðflokksins í Vestur-Afríku. Verkið kallar fram leiðslukennt andrúmsloft og nýtir sér hin fíngerðari blæbrigði hljómsveitarinnar til hins ítrasta. Tónleikunum lýkur á Íslandsfrumflutningi á fagottkonserti Páls Ragnars Pálssonar. Það var eistneski fagottvirtúósinn Martin Kuuskmann sem frumflutti verkið með Sinfóníuhljómsveit Eistlands undir stjórn Olari Elts árið 2022. Í verkinu sækir Páll efnivið í ævi Kuuskmanns og sameiginlega hrifningu þeirra beggja á náttúru og menningu Eistlands.

Hefðbundið tónleikaform verður brotið upp á tónleikunum og verður hljómsveitin í hringuppstillingu á sviði. Áhorfendur geta setið umhverfis hljómsveitina – á kórvgnum, til hliðar við svið og í salnum.

30.01 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Ari Þór og Osmo Vänskä

Finninn Osmo Vänskä er heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er sérstakt ánægjuefni að Vänskä stjórni frumflutningi Ara Þórs Vilhjálmssonar fiðluleikara á nýjum fiðlukonserti Þórðar Magnússonar. Þórður hefur verið virkur í íslensku tónlistarlífi í áratugi og skapað sér sérstöðu með tónverkum sem fela í sér jafnt ferskan, nútímalegan andblæ og djúpa þekkingu á tónsmíðahefðum fortíðar. Fiðluleikarinn Ari Þór Vilhjálmsson lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands á árunum 2006 til 2015 en kemur nú fram sem einleikari með hljómsveitinni í tíunda sinn.

Jennifer Higdon er eitt fremsta samtímatónskáld Bandaríkjanna. Á þessum tónleikum flytur sveitin verk hennar, Konsert fyrir hljómsveit, frá árinu 2002. Konsert er svo sannarlega réttnefni því leiðarar hljómsveitarinnar eru í einleikshlutverkum og eru gerðar miklar kröfur til þeirra. Konsertforleikinn In the South (Alassio) samdi Edward Elgar þegar hann var í fjölskyldufríi á Ítalíu. Hann ætlaði sér reyndar að semja hefðbundna sinfóníu en varð svo hugfanginn af andrúmsloftinu að hann samdi í staðinn þennan töfrandi forleik, sem er einskonar tónaljód með ítölskum litum.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að upplifun

REGNBOGAKORT SINFÓNÍUNNAR

Áskrift að Regnbogakorti veitir þér **20% afslátt** af almennum miðaverði. Hægt að velja ferna tónleika eða fleiri á Regnbogakort og þannig velja tónleika sem höfða mest til þín af öllum tónleikum starfsársins. Auk þess fá áskrifendur **10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika** og af gjafakortum hljómsveitarinnar.

Tryggðu þér áskriftarkort á vefnum á einfaldan hátt eða hafðu samband í miðasölu í síma 528-5050.

